

VERKSAMNINGUR

Hafnarfjarðarhöfn – Háibakki Hafnargerð

Hafnarfjarðarhöfn, kt. 590169-5529, hér eftir nefndur verkkaupi og Hagtak hf., kt. 460391-2109, hér eftir nefndur verktaki, gera með sér eftirfarandi samning.

1. gr.

Verktaki tekur að sér vinnu skv. útboðsgögnum Háibakki útboðsgögn febrúar 2018 sem eru hluti af þessum samningi.

2. gr.

Eftirfarandi gögn eru hluti af þessum samningi:

- Ofangreind útboðsgögn.
- Tilboðsblað verktaka frá 6. mars 2018.
- Framkvæmdatrygging verktaka dagsett 16.04.2018.
- Verkáætlun verktaka.
- ÍST 30

3. gr.

Verkkaupi skuldbindur sig til þess að greiða verktaka þá fjárhæð sem tilgreind er í tilboði verktaka, að meðtöldum virðisaukaskatti, samtals kr. 214.825.000, (tvöhundruð og fjórtán milljónir, áttahundruð, tuttugu og fimm þúsund krónur).

Samningsupphæð er háð magntölum sem geta breyst við framkvæmd verksins. Einingarverð í tilboði skulu þá gilda og samningsfjárhæð breytist til samræmis við breytt magn.

4. gr.

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

5. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu handa hvorum aðila og skal hvort um sig teljast fullgilt frumrit samnings.

Hafnarfjörður ____ apríl 2018.

f.h. Hafnarfjarðarhafnar

f.h. Hagtaks hf.

Vitundarvottar:
